

REGLUR

um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í geislafræði og lífeindafræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í febrúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.

2. gr.

Fyrirkomulag samkeppnisprófa.

Samkeppnispróf fyrir skráða stúdenta í geislafræði og lífeindafræði eru haldin í desember að lokinni kennslu á haustmisseri. Prófað er í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs og verða stúdentar að taka öll prófin til þess að koma til álita við valið. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Þeim stúdentum, sem þreyta öll samkeppnisprófin, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn innan þeirrar greinar, geislafræði eða lífeindafræði, sem þeir eru skráðir í þegar þeir hefja prófin. Ef fleiri stúdentar þreyta öll samkeppnisprófin en sá fjöldi sem ákveðinn hefur verið, sbr. 1. gr. (*numerus clausus*), öðlast einungis þeir rétt til áframhaldandi náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands sem bestum árangri ná á samkeppnisprófum í hvorri grein fyrir sig. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti í hvorri grein skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

3. gr.

Vægi greina og námsmat.

Prófað verður úr öllum námskeiðum sem metin eru til námseininga á haustmisseri fyrsta námsárs. Vægi greina er ákveðið af deildarráði og skal sú ákvörðun birt í kennsluskrá. Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,00-10,00. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar vægi greinanna. Heildareinkunn í samkeppnisprófunum fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn, reiknuð með tveimur aukastöfum, er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

4. gr.

Birting einkunna, sjúkrapróf o.fl.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs í geislafræði og lífeindafræði verði birtar fyrir 10. janúar.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er.

Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um val stúdenta til náms í geislafræði og lífeindafræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglurnar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við samkeppnispróf í desember 2005 verður vægi prófgreina sem hér segir:

<i>Prófgrein</i>	<i>Vægi</i>	<i>Lífeindafræði</i>	<i>Geislafræði</i>
Líffærafræði	4e	✓	✓
Lífeðlis- og eðlisfræði	5e	✓	✓
Lífefnafræði	2e		✓
Geislaeðlisfræði	4e		✓
Efnafræði	6e	✓	

Lífeindafræðileg kynning (0e) er skyldunámskeið á fyrsta misseri náms í lífeindafræði, en námsmat felst ekki í prófi.

Háskóla Íslands, 25. maí 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.